

18. apríl 2023

# Stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar

Morgunfundur

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson



# Stjórnsýsluendurskoðun á Samkeppniseftirlitinu – tildrög og áherslur



## Skýrslubeiðni Alþingis:

“Í skýrslunni verði dregið fram mat á árangri af eftirlitshlutverki Samkeppniseftirlitsins og kannað hvernig framkvæmd samrunamála var á árinum 2018, 2019 og 2020.”

Fimmtán spurningar, allar um samrunamál.

## Úr greinargerð með skýrslubeiðninni:

*“Atvinnulífið hefur lengi gagnrýnt málsmeðferðartíma Samkeppniseftirlitsins í samrunamálum og telur brýnt að hraða ferlinu og lágmarka kostnað fyrirtækja og atvinnulífs vegna fyrirhugaðra samruna.”*



## Endurskoðunaráætlun Ríkisendurskoðunar:

1. Hver var árangur af eftirlitshlutverki Samkeppniseftirlitsins 2018 – 2020?
2. Hvernig var staðið að framkvæmd samrunamála árinu 2018 – 2020?


Beiðni um gögn og upplýsingar á fyrstu stigum var í ríflega 70 liðum.

Þar af varðaði tæplega helmingur spurninganna stofnunina og málsmeðferð hennar almennt, en rúmlega helmingur samrunamál sérstaklega.




# Rýni á úrslausnum Samkeppniseftirlitsins er hluti af daglegri starfsemi þess

## Framgangur mála fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum



- Úrlausnir SE fá ítarlega prófun
  - Efnisniðurstöður
  - Málsmeðferð
- Prófanir á ýmsum stigum frá 2005:
  - Áfrýjunarnefnd – **134 mál**
  - Héraðsdómur – um **40 dómar** ef frá eru taldir úrskurðir um húsleitir. (sjá yfirlit [hér](#))
  - Landsréttur – **5 dómar** (sjá yfirlit [hér](#))
  - Hæstiréttur – **36 dómar** (sjá yfirlit [hér](#))
  - Umboðsmaður Alþingis – **11 úrlausnir** (sjá yfirlit [hér](#))
  - EFTA – dómstóllinn
  - Stjórnsýsluúttektin
- Samsvarar því að beðið sé að ríflega **einu sinni í mánuði** um rýni á úrslausnum SE (að jafnaði).
- SE einsetur sér að nýta rýnina til styrkingar

# Tímalína stjórnsýsluúttektarinnar (helstu atriði)



# Meginniðurstöður stjórnarsýsluúttektarinnar



*„Að mati Ríkisendurskoðunar verður ekki séð að á tímabilinu 2018-2020 hafi málsmeðferðartími samrunamála verið óeðlilega langur eða að viðvarandi veikleikar í afgreiðslu þeirra hafi grafið undan skilvirkni, árangri og hagkvæmni starfseminnar.“*

## Tillögur í átta liðum:

1. Formfesta betur skipulag innra eftirlits og innleiða innri endurskoðun.
2. Leggja áframhaldandi áherslu á leiðbeiningar og fræðslu
3. Ljúka endurskoðun málsmeðferðar- og verklagsreglna
4. Bæta árangursmat og efla gagnasöfnun
5. Ítarlegri greining á áhrifum breyttra veltumarka.
6. Endurskoðun samrunagjalds
7. Markvissar aðgerðir vegna villandi samrunatilkynninga
8. Skýra heimild og útfæra verklag um eftirlitsaðila (kunnáttumenn)



## Nokkur atriði úr nefndaráliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar:

- SE gegni mikilvægu hlutverki.
- Hvatt til áframhaldandi fræðslu og þróun aðgengilegra leiðbeininga.
- Forviðræður í samrunamálum þróaðar áfram, en þó ekki bindandi.
- Veltumörk þurfi að taka mið af verndarhagsmunum.
- Tryggja þurfi áfram sjálfstæði SE gagnvart öðrum stjórnvöldum og stofnunum.

*„Að lokum vill meiri hlutinn lýsa ánægju sinni með framtak Samkeppniseftirlitsins í kjölfar útgáfu skýrslunnar. [...UPPLÝSINGASÍÐA OG VERKEFNAÁÆTLUN....] Að mati nefndarinnar eru þessi viðbrögð Samkeppniseftirlitsins til fyrirmyndar.“*

## Upplýsingasíða - Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á störfum Samkeppniseftirlitsins



Í tilefni af útgáfu á skýrslu Ríkisendurskoðunar, „Samkeppniseftirlitið – Samrunaeftirlit og árangur“, opnar Samkeppniseftirlitið upplýsingasíðu þar sem haldið verður til haga upplýsingum um úttektina, niðurstöður hennar og framvindu úrbóta sem af henni leiða.

Hér má nálgast eftirfarandi efni um stjórnsýsluúttektina:

- [Skýrsla Ríkisendurskoðunar, Samkeppniseftirlitið – Samrunaeftirlit og árangur, stjórnsýsluúttekt, frá júlí 2022](#)
- [Frétt Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluúttektina, frá 24. ágúst 2022](#)
- [Frétt Samkeppniseftirlitsins frá 24. ágúst 2022, þar sem gerð er grein fyrir skýrslunni og niðurstöðum hennar](#)
- [Upphafleg skýrslubeiðni](#)
- [Álit meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um skýrsluna, frá 21. nóvember 2022](#)
- [Frétt Samkeppniseftirlitsins frá 21. desember 2022 um álit stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar](#)
- [Verkefnaáætlun Samkeppniseftirlitsins fyrir verkefni sem tengjast stjórnsýsluúttektinni \(uppfærð í desember 2022\)](#)

Að neðan má einnig nálgast upplýsingar um stjórnsýsluúttektina, niðurstöður hennar og aðgerðir sem Samkeppniseftirlitið mun ráðast í, með það að markmiði að nýta stjórnsýsluúttektina til að styrkja starf eftirlitsins enn frekar:

- + Tildrög stjórnsýsluúttektar
- + Meginniðurstöður - málsmeðferð í eðlilegu horfi
- + Tillögur til úrbóta
- + Verkefnaáætlun Samkeppniseftirlitsins
- + Samkeppniseftirlitið gefur áhugasömum kost á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna verkáætlunarinnar - Umræðufundur



16. desember 2022

Uppfært með hliðsjón af nefndarálitum stjórnskipunar og eftirlitsnefndar (153. löggjafarþ., þingskj. 624 – 509.mál)

## Verkefnaáætlun tengd úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar, í framhaldi af stjórnsluúttekt

	Tillaga – ábending Ríkisendurskoðunar	Hvar?	Verkefni Samkeppniseftirlitsins	Framvinda
1.	Innra eftirlit: Formfesta betur hlutverk, verkaskiptingu, ábyrgð og kerfisbundið verklag við innra eftirlit og skjalfesta með ítarlegri hætti en gert er.	Till. 1, bls. 16 Kafli 1.4, bls. 34	Samin verður heildstæð lýsing á innra eftirliti, til viðbótar við tékklista sem notaður hefur verið, sbr. <a href="#">leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar um innra eftirlit</a> , frá 2017.	Fyrri hluti árs 2023
2.	Skilgreina nánar eftirlitshlutverk stjórnar í <a href="#">starfsreglum nr. 1226/2020</a> .	Till. 1, bls. 16 Kafli 1.2.2, bls. 30 Nefndarálit	Starfsreglur stjórnar verða endurskoðaðar með það fyrir augum að lýsa með ítarlegri hætti samspili eftirlitshlutverks stjórnar og þátttöku hennar í ákvörðunartöku. M.a. verður hugað að sjálfstæði eftirlitsins m.t.t. aðkomu ráðuneytis að stjórn.	Upphaf árs 2023
3.	Innleiða innri endurskoðun í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál	Till. 1, bls. 16 Kafli 1.4, bls. 34	1) Þarfagreining framkvæmd og óskað samstarfs við fjármálaráðuneyti (ábyrgðaraðila laga um opinber fjármál), í ljósi þess að ekki eru þekkt dæmi um að hliðstæðar stofnanir hafi tekið upp innri endurskoðun. 2) Uppþaka innri endurskoðunar kallar á viðbótarfjárveitingar. Athygli ráðuneytis samkeppnismála vakin á þessu.	1) 2023 2) Í vinnslu
4.	Vinna áfram að þróun aðgengilegra leiðbeininga og hagnýtra upplýsinga um samkeppnismál, þar á meðal hvað snýr að málsmeðferð og meginsjónarmiðum við úrvinnslu samrunamála, og reglubundinni miðlun þeirra í samræmi við skilgreindar áherslur stjórnar.	Till. 2, bls. 16 Kafli 2.6, bls. 49	1) Aukið gagnsæi í meðferð samrunamála með birtingu upplýsinga um <a href="#">mál í vinnslu og stöðu þeirra</a> . 2) <a href="#">Samantekt /leiðarlýsing</a> fyrir leiðbeiningar- og fræðsluefni Samkeppniseftirlitsins birt á heimasíðu þess. 3) Yfirfara og uppfæra almennar leiðbeiningar- og fræðsluefni eftir því sem tilefni er til. 4) Ráðast í endurbætur á heimasíðunni, sem miðar að því að gera leiðbeiningar- og fræðsluefni meira áberandi og aðgengilegt. 5) Endurgerð heimasíðu er kostnaðarsöm og verður athygli ráðuneytis samkeppnismála vakin á því. 6) Leita samráðs við ESA um það hversu langt eftirlitið má ganga í almennum leiðbeiningum til fyrirtækja, en reglur EES-réttar og sjónarmið um sjálfstæði eftirlitsins setja því mikilvægar skorður.	1) Lokið 2) Lokið 3) Viðvarandi 4) 2023 5) Í vinnslu 6) Viðvarandi
5.	Ljúka endurskoðun málsmeðferðar- og verklagsreglna að teknu tilliti til breytinga á skipulagi og stjórnun verkefna á undanförunum árum. Útfæra	Till. 3, bls. 16 Kafli 2.5, bls. 46	1) Leitað sjónarmiða um mögulegar reglur um fjárhæð sekta og endurskoðun á reglum um niðurfellingu og lækkun sekta.	1) Lokið



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ



# Hugleiðingar að fenginni reynslu

- 1. Mikilvægt að grunnur stjórnsluúttektar taki fyrst og fremst mið af markmiðum viðkomandi starfsemi / laga.**
  - Hagmunir almennings ekki alltaf hinir sömu og þeirra sem starfsemi stofnunar beinist að.
  - T.d. er eftirlit með atvinnulífinu í þágu almannahagsmuna, en oft ekki til vinsælda fallið hjá eftirlitsskyldum aðilum.
- 2. Mikilvægt að metið sé hvort stofnun hafi fjárhagslega burði til að sinna lögbundu hlutverki sínu.**
- 3. Tryggja þarf stofnunum andmælarétt og aðgang að gögnum, sem gerir þeim kleift að gæta þeirra almannahagsmuna sem þeim er falið að vernda.**

STOFNANIR EIGA AÐ NÝTA STJÓRNSÝSLU-  
ENDURSKOÐANIR SEM TÆKIFÆRI TIL STYRKINGAR

## ■ 6. gr. Stjórnsluendurskoðun.

□ Stjórnsluendurskoðun felur í sér mat á frammistöðu þeirra aðila sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með. Markmið stjórnsluendurskoðunar er að stuðla að úrbótum þar sem einkum er horft til eftirfarandi atriða:

- a. meðferðar og nýtingar ríkisfjár,
- b. hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins,
- c. hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt.

□ Við mat á frammistöðu skal meðal annars líta til þess hvort starfsemi sé í samræmi við fjárheimildir, þá löggjöf sem gildir um hana og góða og viðurkennda starfshætti.

□ Stjórnsluendurskoðun getur einnig falið í sér mat á því hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.

## ■ 17. gr. Skýrslubeiðni Alþingis.

□ Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis getur ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt tillögu sem henni berst farið fram á að ríkisendurskoðandi taki saman skýrslu um einstök mál eða málaflokka sem falla undir starfssvið hans. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess með skýrslubeiðni í þingsal og skal þá taka beiðnina fyrir.